

EFTIRLITSSKÝRSLA

Íslenska Kalkþörungafélagið Bíldudalur



Dags eftirlits	29.10.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Íslenska Kalkþörungafélagið	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Hafnargata 4, Bíldudal	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	680601-2670	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Halldór Halldórsson	ÍSAT nr.	08990
Fulltrúi fyrirtækis	Einar, Sólveig og Almar	Staðsetning	288910,327 584086,181

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Seinna reglubundna mengunareftirlit ársins fór fram, annars vegar á rafrænum fjarfundi þar sem að farið var yfir gögn og skráningar og hins vegar með skoðunarferð um svæðið.

Í eftirlitinu kom fram að úrbótaáætlun um ráðstöfun fínefnis sem geymt er í sekkjum á lóð hefur ekki staðist en í unnið er að því að koma efninu í viðeigandi ráðstöfun.

Innleiðing umhverfisstjórnunarkerfis er vel á veg komin í verksmiðjunni en það er mikilvægur grundvöllur að greina og koma í veg fyrir frávik sem hafa komið upp undanfarin ár s.s. varðandi sýnilegt ryk í útblæstri, hávaða, svifagnir og umgengi á svæðinu.

Unnið er að breytingum í verksmiðjunni og rekstraraðili hvattur til að huga sérstaklega að fok og mengunarvörnum á meðan á þeim stendur.

Eitt frávik kom fram er varðar styrkukningu svifefna við dælingu í setlón. Auk þess var einni ábendingu komið á framfæri er varðar skráningar á rekstri vothreinsivirkis.

UMFANG EFTIRLITS

Annars vegar var haldinn rafrænn eftirlitsfundur, þann 29. október, þar sem að farið var yfir gögn og skráningar. Skoðunarferð um svæðið var framkvæmd þann 30. október af sérfræðingi Umhverfisstofnunar á Patreksfirði, Eddu Kristínu Eiríksdóttur

Boðað umfang eftirlits var eftirfarandi:

- Staða úrbóta á útstandandi frávikum
 - Frágangur á lóð.
 - Ráðstöfun fínefnis í sekkjum.
 - Mælingar á ryki í útblæstri
 - Sýnilegt ryk í útblæstri
- Mengunarmælingar skv. starfsleyfi
 - Mælingar á svifögnum
 - Mælingar á hávaða
 - Mælingar á setmyndun – næst 2022.
- Innleiðing Umhverfisstjórnunarkerfis
 - Verkferlar – ábyrgðarskipting og skipulag.
 - Atvikaskráningar:
 - Viðhaldsskráningar og áætlanir
 - Skráningar á þjálfun starfsmanna
 - Viðbúnaður og viðbrögð við neyðarástandi
 - Skjalahald
- Yfirstandandi endurbætur á verksmiðjubúnaði.

Fráviki varðandi frágang á lóð var lokað með bréfi dags. 30. janúar 2020. Unnið er að betra skipulagi á frákasti á lóð og setlóni. Framkvæmdir standa yfir í verksmiðjunni og því nokkuð um varahluti og byggingarefni á lóðinni og verið er að koma upp bráðabirgðaverkstæði. Rekstraraðili minntur á að passa upp á lekavarnir og geymslu efna til að koma í veg fyrir fok eða hætta á mengun í jarðveg að vatn. Tíðni hreinsunar á bryggju hefur verið aukin en ábendingar í gegnum tíðina hafa beinst einna helst að foki frá því svæði að mati rekstraraðila. Eru með birgðahaldsskráningar á efni í setlóni.

Raftæki eða rafeindatæki eru nú geymd innandyra þar sem að þau eru varin fyrir veðri og vindum.

Enn er haugur á verksmiðjulóð með óseljanlegu fínryki sem skráð var sem frávik í fyrra eftirliti 2019. Ekki er talin mengunarhætta af efninu þar sem það er staðsett núna en sekkirnir henta ekki til geymslu til langs tíma og meðhöndlun efnisins verður erfiðari þegar raki og bleyta hefur komist að því. Rekstraraðili hefur kynnt hugmyndir um að nýta efnið til landfyllingar. Slík endurnýting er starfsleyfisskyld hjá heilbrigðisnefnd og hefur rekstraraðila verið

leiðbeint um það. Einnig hefur rekstraraðili kynnt möguleika á að varpa efninu ásamt öðru frákasti úr setlóni í hafið. Skilyrði fyrir slíkri losun er að efnið sé yfir 75% sandur eða grófkornóttara og að það innihaldi engin aukaefti eða mengandi efni sbr. ákvæði leyfis um varp í hafið frá 24. september sl. Rekstraraðili er minntur að senda inn uppfærða tímasetta úrbótaætlun vegna þessa fráviks sbr. bréf stofnunarinnar frá 8. maí sl.

Í starfsleyfi er kveðið er á um tvær útblástursmælingar á ári, þ.e. fyrir 1. maí og 1. október. Ein mæling var framkvæmd á þessu ári, þann 18. september sl. Þar sem að styrkur ryks mældist 20 mg/Nm³ í útblæstri, sem er við losunarmörk starfsleyfisins. Ekki er ólíklegt að veður hafi haft áhrif á mælingarnar. Farið var yfir þá stýriþætti sem hafa áhrif á rekstur hreinsivirkisins og rekstraraðili hvattur til að greina þau atvik þegar hreinsivirki virkar ekki sem skyldi.

Svifagnamælingar sem voru framkvæmdar 27. maí - 16. júní sl. Svifagnastyrkur mældist minni eftir dælingu en fyrir dælingu í öllum mælipunktunum. Dæling stóð yfir þegar eftirlitið fór fram og var því búið að taka sýni fyrir dælingu (dags. 21. október). Nánar er fjallað um mælingarnar í önnur atriði neðar í þessari skýrslu.

Vel er fylgst með hávaða frá verskmiðjunni og voru línurit fyrir árið 2020 afhent í eftirlitinu. Rekstraraðili telur að hávaði stafi að hluta til af annarri starfsemi á svæðinu.

Þá var farið yfir innleiðingu á umhverfisstjórnunarkerfi verksmiðjunnar. Ábyrgðarskiptingaskjal er til staðar í gæðahandbók, skráningarskjöl fyrir atvikaskráningar og helstu verkefni í fyrirtækinu Viðhaldsskráningar eru til staðar bæði einfalt um rekstrarstopp og nákvæmara viðhaldskerfi um varahluti og áætlun við viðhald. Rekstraraðili er að vinna að myndrænni framsetningu á umhverfisstjórnunarkerfinu fyrir starfsfólk. Vel er haldið utan um skráningar á þjálfun og símenntun starfsmanna. Þá hafa verið unnar viðbragðsáætlanir vegna bráðamengunar hafs og stranda, áætlanir vegna vatnsskorts og fleiri annarra atvika. Í kerfinu er skjalastjórnunarkerfi sem gæðastjóri fer yfir árlega.

Að lokum var farið yfir stöðu endurbóta á verksmiðjunni. Unnið er að uppsetningu á búnaði fyrir kornun og flokkun (G-Plant) með bættri síun. Eru búnir að endurnýja poka í síubúnaði.

Einnig er í undirbúningi að setja upp nýjan þurrkara sem verður tengdur pokasíuvirki

Búið að taka niður þil innanhúss við verkstæði. Rætt var um hugsanleg áhrif þess á hávaða en rekstraraðili telur ekki líkur á aukningu á hávaða eða annarra umhverfisáhrifa vegna framkvæmda. Gera ráð fyrir að þessar framkvæmdir standi yfir fram í febrúar nk.

Unnið er að uppsetningu gáma í stað núverandi verkstæðis. Rekstraraðili var minntur á að tryggja þarf að lekavarnir á verkstæðinu séu fullnægjandi. Bílar og farartæki eru ekki þjónustuð á verkstæðinu heldur farið með í þjónustu á viðurkenndu verkstæði.

Sérfræðingur Umhverfisstofnunar fór í skoðunarferð um verksmiðjulóðina og tók myndir af afstæðum sem voru svo metnar af eftirlitsmanni. Betra skipulag er komið á lóðina en enn er nokkuð um byggingarefni á lóðinni þar sem að framkvæmdir standa yfir í verksmiðjunni. Tjald yfir færriböndum við innmötun inn í verksmiðjuna hefur verið fjarlæggt en steinblokkir hafa verið settar við lóðarmörkin að hluta. Gæta þarf að afmörkun lóðarinnar í samræmi við ákvæði starfsleyfisins. Starfsemin var í gangi þegar eftirlitið fór fram.

Frávik frá

Lýsing á frávik

Grein 3.9 í starfsleyfi og reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp.

Svifagnamælingar voru framkvæmdar fyrir dælingu 21. október sl. og eftir dælingu 5. nóvember sl. Aukning á styrk svifagna fyrir og eftir dælingu mældist í þremur punktum af fjórum umfram heimild starsleyfismarka (+10 mg/l í punkti nr 1., +12 í punkti nr 2 og +17 mg/l í punkti nr 4). Óveður var þegar sýnataka fór fram sem hugsanlega hafði áhrif á mældan svifefnastyrk.

ÁBENDINGAR

Ein ábending sem sneri hún að ryki og hávaða frá verksmiðjunni barst Umhverfisstofnun 8. júlí sl. Við athugun rekstraraðila kom fram að við uppkeyrslu hreinsivirkisins kæmu upp aðstæður þar sem að ryk væri sýnilegt í reyknum. Farið var yfir í eftirlitinu hvernig haldið er utan um skráningar á tilvikum sem þessum.

ANNAÐ

Nýtt leyfi fyrir varp ínefnis úr setlóni í hafið var veitt 24. september sl. fyrir losun óvirks náttúrulegs efnis upp að 6000 m³ sem er yfir 75% sandur eða grófkornóttara efni. Rekstraraðili er minntur á ákvæði leyfisins um skráningar og upplýsingagjöf varðandi losunina.

Farið var yfir úrbætur og endurskoðun á verklagi vegna óhapps í ágúst sl. (sjá eftirlitsskýrslu 20. ágúst sl.) þegar dæla þurfti vatni úr setlóni út fyrir varnargarð lónsins. Mælingar á svifögnum voru framkvæmdar 21. október og 5. nóvember sl. Svifagnastyrkur mældist á bilinu 44 mg/l til 67 mg/l sem er nokkuð hærra en í mælingunni frá því í maí -júní sl. Styrkurinn mælist þó lægri en í sambærilegri mælingu frá september 2019. Rekstraraðili telur að sveiflur í svifefnastyrk geti stafað að einhverju leiti af uppróti við skipakomur en ekki eingöngu starfsemi Kalkþörungafélagsins.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 20.01.2021


Halla Einarsdóttir

